Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

| Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | | | |
|---|---|---|---|
| ANR | 17090154 | Ábm. | AS |
| Málal. | 11.3.1 | Aðrir | |
| Mótt. | 13.12.2017 | | |
| Aths. | | | |

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Akureyri, 08.12.2017
2017090075 / 01-730

**Efni:** Byggðakvóti handa Hrísey og Grímsey - fiskveiðiárið 2017/2018

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 7. desember 2017 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram til kynningar bréf dagsett 21. nóvember 2017 frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem tilkynnt er um úthlutaðan byggðakvóta fiskveiðiársins 2017/2018, 158 þorskígildistonn vegna Hríseyjar og 103 þorskígildistonn vegna Grímseyjar. Í bréfinu kemur fram að vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðalaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 20. desember 2017.

*Bæjarráð leggur áherslu á að sértækum aðgerðum verði haldið áfram varðandi úthlutun byggðakvóta til Grímseyjar á grundvelli verkefnisins Brothættar byggðir.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra

Elín Dögg Guðjónsdóttir
skjalastjóri

AKUREYRARBÆR SKJALASAFN